

Alþingi
Erindi nr. P 135/605
komudagur 30.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að núgildandi lög um samræmda neyðarsímsvörun verði felld að þegar gerðum breytingum og nýjum aðstæðum.

Í 3. mgr. 8. gr. frumvarps þessa er lagt til að viðbótarfjármögnun til rekstur vaktstöðva samræmdrar neyðarsímsvörunar fái með svokölluðu jöfnunargjaldi sem er innheimt á grundvelli fjarskiptalaga nr. 81/2003. Samkvæmt athugasemdum greinargerðar fjarskiptalaga við 1. mgr. 22. gr. laganna er jöfnunargjaldinu ætlað að standa straum af kostnaði við fjármögnun alþjónustu, en alþjónusta er skilgreind í 6. tl. 3. gr. laganna sem „Afmargaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.“ Að mati Viðskiptaráðs fellur rekstur vakstöðva fyrir samræmda neyðarsímsvörun ekki undir framangreinda skilgreiningu fjarskiptalaga og því óheimilt að ráðstafa jöfnunargjaldinu til fjármögnunar slíkra vaktstöðva.

Leggur ráðið því til að sá hluti 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er segir, „m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga“, verði felldur út úr frumvarpinu.

Enn fremur vill Viðskiptaráð vekja athygli nefndarinnar á því að Neyðarlínan hf. hefur nýverið hafið samkeppnisrekstur við einkaaðila á farsímamarkaði. Þannig býður Neyðarlínan hf. uppá Tetraþjónustu á almennum markaði sem er í beinni samkeppni við langdræg farsímakerfi einkaaðila, en slík þjónusta hefur einnig áhrif á markaðinn fyrir skammdræga farsímaþjónustu. Viðskiptaráð hefur ávallt hvatt hið opinbera til að draga sig alfarið úr samkeppnirekstri við einkaaðila og er Neyðarlínan engin undantekning hvað það varðar. Fyrirkomulag af þessu tagi er til þess fallið að skekkja samkeppnisstöðu einkaaðila á umræddum markaði. Sé ekki vilji til að draga Neyðarlínuna úr framangreindum rekstri er nauðsynlegt að opinbert fjármagn sé ekki nýtt í þann rekstur. Til að svo verði ekki telur ráðið mikilvægt að kveðið sé á um það í frumvarpi þessu að allri fjármögnun á grundvelli þess verði einungis varið til rekstur umræddra vakstöðva en ekki nýttur í framangreindan samkeppnisrekstur.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs